

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson
hjá Þjóðminjasafni Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson hjá Þjóðminjasafni Íslands og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Ingibjörg var fædd að Laugarbökkum í Ölfusi 2. júní 1901 og lést 29. nóvember 1997 í Vacaville í Kaliforníu og ánafnaði Þjóðminjasafni Íslands hluta eigna sinna. Stofnandi sjóðsins er Þjóðminjasafn Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er kaup á safngripum handa Þjóðminjasafni Íslands og viðhald og aðhlyning gripa.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er dánargjöf Ingibjargar, sem nam við afhendingu 28. september 1998 kr. 10.749.619 - tíu milljónum og sjö hundruð fjórtíu og níu þúsund og sex hundruð og nítján íslenskum krónum.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, deildarstjóri munadeildar og fjármálastjóri.

7. gr.

Þjóðminjavörður ákveður úthlutanir úr sjóðnum að tillögu stjórnar.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé.
- b) Verðbætur af stofnfé.
- c) Fé, sem sérstaklega er gefið eða veitt til sjóðsins og samræmist tilgangi hans.
- d) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast í íslenskum banka. Heimilt er að verja úr sjóðnum að jafnaði 75% af tekjum ársins skv. 8. grein a-, c- og d-lið. Ekki má skerða stofnfé nema sérstakar ástæður þyki til við meiri háttar úthlutanir. Þó má aldrei skerða kr. 525.000 af stofnfé að raungildi.

10. gr.

Úthlutunum úr sjóðnum skal varið til kaupa á safngripum handa Þjóðminjasafni Íslands, til viðgerðar safngripa eða sérstakrar aðhlyningar gripa. Skal ávallt getið við skráningu þeirra gripa, svo og við sýningar þeirra, að þeirra sé aflað fyrir fé úr sjóðnum. Gæta skal þess að verja fé úr sjóðnum eftir því sem vitað er að gefandi hafði hug til.

11. gr.

Heimilt er að auka við sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt, enda breytist tilgangur hans ekki, en gæta skal þess að nafn upphaflegs gefanda fylgi sjóðnum ávallt.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

13. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til Þjóðminjasafns Íslands.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.